

1974 nr. 36 2. maí**Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu**

Tóku gildi 5. júní 1974. Breytt með 1. 47/1990 (tóku gildi 31. maí 1990 nema 14. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 1991), 1. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990), 1. 93/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998) og 1. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003).

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxárvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu.

■ **2. gr.** Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hölmum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

■ **3. gr.** Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi [Umhverfisstofnunar]¹⁾ komi til.

□ Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar].¹⁾

□ Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbyllum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi [Umhverfisstofnunar].¹⁾

□ [Þá eru heimilar án sérstaks leyfis [Umhverfisstofnunar]¹⁾ byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.]²⁾

¹⁾ L. 164/2002, 45. gr. ²⁾ L. 93/1996, 41. gr.

■ **4. gr.** Reisa skal og reka náttúruvannsóknastöð við Mývatn. [Umhverfisráðherra skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnéfnar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og [Umhverfisstofnunar]¹⁾ og skal fulltrúi hennar vera formaður stjórnar.]²⁾

□ Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í reglugerð,³⁾ er [umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar náttúruvannsóknastöðvarinnar],²⁾ skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m.a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

¹⁾ L. 164/2002, 45. gr. ²⁾ L. 93/1996, 41. gr. ³⁾ Rg. 136/1978, sbr. 522/2000.

■ **5. gr.** [Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum [Umhverfisstofnunar]¹⁾,²⁾ reglugerð³⁾ um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er lögin taka til, og skal þar m.a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

¹⁾ L. 164/2002, 46. gr. ²⁾ L. 93/1996, 41. gr. ³⁾ Rg. 136/1978, sbr. 522/2000.

■ **6. gr.** [Umhverfisstofnun]¹⁾ getur, að fengnum tillögum stjórnar vannsóknastöðvarinnar ráðið starfsmann til efirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

¹⁾ L. 164/2002, 45. gr.

■ **7. gr.** Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

■ **8. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].¹⁾ Sektir renni í ríkissjóð.

□ Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að [10.000 krónum],²⁾ til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólöglegt.

¹⁾ L. 82/1998, 165. gr. ²⁾ L. 116/1990, 37. gr.

■ **9. gr.** Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatns-svæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.